

Tæknilýsingablað

eco, snjall hitastillir á miðstöðvarhitun

Notkun



eco er sjálfstæður snjall, rafeindastýrður og forritanlegur ofnhitastillir til heimilisnota.

Auðvelt er að setja upp eco á aðeins 30 sekúndum! Millistykki eru fáanleg fyrir alla hitastilliloka sem Danfoss og flestir aðrir framleiðendur ofnloka framleiða.

eco er knúinn rafhlöðu, fyrirferðarlitill og auðveldur í notkun, með aðeins þrjá hnappa.

Eiginleikar

- Orkusparnaður
- Auðveldur í uppsetningu
- Auðveldur í stjórnun- aðeins þrjár hnappar
- Skilar miklum þægindum
- Virkni við opinn glugga
- Lokaliðkunarvirkni
- PID-stýring (nákvæm stýring)
- Lærð aðlögun
- Vikuáætlun með stillanlegri hitalækkun
- Lágmarks-/hámarks hitastilling
- Barnalæsing
- Fjarverustilling
- Vernd gegn frosti
- Baklýstur skjár

Pantanir

Millistykki (fylgja)	Leiðbeiningar - tungumál	Vörunúmer
Danfoss RA / K (M30 x 1,5)	UK/DK/SE/FI/LT/EE/LV/IS	014G0051
Danfoss RA / K (M30 x 1,5)	UK/DE/FR/PL/NL/NO/CZ/HU/SK/SI/ES/IT	014G0064




Aukabúnaður

Gerð	Vörunúmer
Millistykki fyrir RAV og RAVL loka	014G0250
Millistykki fyrir RA loka	014G0251
Millistykki fyrir K (M30 x1,5) loka	014G0252
Millistykki fyrir RTD loka	014G0253
Millistykki fyrir M28 MMA loka	014G0255
Millistykki fyrir M28 Herz loka	014G0256
Millistykki fyrir M28 Orkli loka	014G0257
Millistykki fyrir M28 COMAP loka	014G0258



Tæknilýsingablað

eco, rafeindastýrður hitastillir fyrir ofna

Tæknileg lýsing

Gerð hitastillis	Forritanleg rafeindastýring fyrir ofnoka
Ráðlögð notkun	Til heimilisnota (mengunarstig 2)
Stýriliði	Rafvélrænn
Skjár	Grár, rafrænn með baklýsingu
Hugbúnaðarflokkur	A
Stýring	PID
Aflgjafi	2 x 1,5 V alkalíraflöður af gerð AA (fylgja ekki)
Aflnotkun	3 μ W í viðbragðsstöðu 1,2 W í vinnslu
Ending rafhlöðu	Allt að 2 ár
Merki um að lítið sé á rafhlöðu	Rafhlöðutákn blikkar á skjá. Ef lítið er á rafhlöðunni blikkar allur skjáinn.
Umhverfishitasvið	0 til 40 °C
Hitastig við flutninga	-20 til 65 °C
Hámarks vatnshitastig	90 °C
Hitastillisvið	4 til 28 °C
Mælitíðni	Mælir hitastig á mínútu fresti
Klukkunákvæmni	+/- 10 mín/ár
Spindilhreyfing	Línuleg, allt að 4,5 mm, hámm. 2 mm á loka (1 mm/s)
Hávaðastig	<30 dBA
Öryggisflokkur	Gerð 1
Virgni við opinn glugga	Fer í gang við hitastigslækkun sem er um 0,5 °C á 3 mínútum
Þyngd (ásamt rafhlöðum)	177 g (með RA millistykki)
IP flokkur	20 (ekki til notkunar við hættulegar aðstæður eða á stöðum þar sem vatn getur komið inn á hann)
Samþykki, merkingar o.s.frv.	  


Forstillt kerfi

P0	Kerfi án sjálfvirkar hitastigslækkunar. Kerfið viðheldur þægilegu 21 gráðu hitastigi stöðugt dag og nótt.
P1	Sparnaðarkerfi sem lækkar sjálfkrafa hitastigið í 17 °C á nóttunni (22:30 - 06:00). Tíma og hitastig er hægt að stilla.
P2	Útvíkkað sparnaðarkerfi sem sjálfvalið lækkar hitastigið í 17 °C á nóttunni (22:30 - 06:00), og að deginum á virkum dögum (08:00 - 16:00). Tíma og hitastig er hægt að stilla.
	Fjarverustilling sem lækkar hitastigið meðan verið er á ferðalagi. Tíma og hitastig er hægt að stilla.
	Frostvarnarkerfi. Hitastillirinn viðheldur stöðugu 4-10 °C hitastigi í herberginu og tryggir þannig frostvörn.

Mæling á herbergishitastigi

eco mælir hitastigið með tveimur innbyggðum skynjurum - öðrum á bak við skjáinn og hinum nálægt lokanum. Herbergishitastigið er reiknað út með hliðsjón af báðum aflestrum fyrir svæði um 20 cm framan við skjáinn. Það gerir eco kleift að stýra raunhitastigi í herberginu nákvæmlega.

Athugaðu að kuldi eða hiti getur komið frá t.d. eldstæði, beinu sólarljósi eða dragsúg og haft áhrif á virkni eco.



Athugaðu! Birt hitastig er ávallt stillihitastig, ekki raunhitastig í herbergi.

Helstu eiginleikar**Virkni við opinn glugga**

eco er búið aðgerð fyrir Opinn-glugga, sem lokar lokanum ef herbergishiti fellur snögg og dregur þannig úr varmatapi.

Lokað er fyrir varmann allt að 30 mínútur áður en eco fer aftur í upphaflega stillingu.

Þegar Opinn-gluggi aðgerðin er virkjuð einan-grast aðgerðin í 45 mínútur.

Stilling lokans

Fyrstu nóttina sem eco er í gangi lokar hann fyrir ofnhitann og opnar síðan aftur til að skynja rétta opunarstillingu lokans. Þannig getur eco stýrt hitanum með sem hagkvæmustum hætti. Ef þörf krefur er aðgerðin endurtekin einu sinni á nóttu í allt að viku.

Þú gætir tekið eftir því að lokinn hitni á meðan verið er að stilla, óháð herbergishitastigi.

Barnalæsing

Með því að virkja barnalæsinguna er komist hjá því að átt sé við stillingar.

Snjallstýring (spá)

Fyrstu vikuna sem eco er í gangi lærir hann hvenær þarf að byrja að hita herbergið til að ná réttu hitastigi á réttum tíma.

Snjallstýringin heldur sífellt áfram að leiðrétta hitunartímann samanborið við árstíðasveiflur í hitastigi.

Sjálfvirk liðkun lokans

Til þess að ofnlokinn sé í lagi og upp á sitt besta liðkar lokinn sig sjálfkrafa á fimmtudögum um kl. 11:00 með því að opna að fullu og fara síðan aftur í venjulega stillingu.


Sumarstilling klukkunnar

Það er sjálfvalið að eco skiptir sjálfkrafa frá sumartíma yfir á vetrartíma. Ef nauðsyn krefur er hægt að taka af sumartímasstillinguna.


Uppsetning

☞ verður að vera blikkandi á skjánum fyrir uppsetningu.


1. Fyrst skal setja á rétt millistykki.




2. Hertu RA millistykkið með því að nota 2 mm sexkantlykil. Hertu K millistykkið með hendinni.






3. Skrúfaðu hitastillinn á millistykkið og hertu með hendinni (hám. 5 Nm).



4. Ýttu á  í 4 sekúndur til að afvirkja uppsetningarhaminn. (Millistykismát fylgir til að finna rétta millistykkið við uppsetninguna.)

Mál

**Danfoss A/S**

hitalausnir

Haarupvaenget 11

8600 Silkeborg

Danmörk

Sími: +45 7488 8000

Fax: +45 7488 8100

Tölvupóstur: heating.solutions@danfoss.comwww.heating.danfoss.com